

Iceland

Upplýsingaöryggi



Vírinn

17. tbl. 3. árgangur 2013

Kæri viðtakandi,

Hlekkir

[Upplýsingaöryggissíða Deloitte](#)

Tengiliðir

[Úlfar Andri Jónasson](#)

Kerfisfræðingur | ERS

ulfar@deloitte.is

+ 354 580 3322

[Rey LeClerc Sveinsson](#)

Liðstjóri | ERS

rey@deloitte.is

+ 354 580 3306

Áhættuþjónusta (ERS) er sérfræðihópur innan endurskoðunarsviðs Deloitte ehf. sem sérhæfir sig í innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggi og endurskoðun upplýsingakerfa. Vírinn er gefinn út á tveggja vikna fresti og ætlaður m.a. stjórnendum, kerfisstjórum og almennum notendum upplýsingakerfa.

Brotist inn í gagnagrunn hjá CorporateCarOnline

Brotist var inn í gagnagrunn CorporateCarOnline fyrirtækisins og um 250.000 kortanúmerum stolið ásamt trúnaðarupplýsingum um viðskiptavini þeirra.

Brotist var inn í gagnagrunn fyrirtækisins CorporateCarOnline sem sérhæfir sig í pöntunum á limósinum og fínni bílum. Meðal gagna sem óprúttir aðilar komust í voru um 250.000 kortanúmer, heimilisföng og símanúmer viðskiptavina fyrirtækisins. En meðal viðskiptavina eru einstaklingar sem flokkast undir ríka og fræga fólkið. Nánari útlistun er hægt að sjá með að smella á meira hér að neðan.

[Meira ▶](#)

12 ára drengur játar að hafa brotist inn á vefsíður

12 ára drengur hefur játað að brjótast inn á vefsíður í nafni Anonymous.

12 ára drengur frá Montreal í Kanada hefur játað að hafa brotist inn á vefsíður t.d. lögreglunnar í Montreal og ríkisstjórnarinnar í Chile í nafni Anonymous hópsins. Innbrotin fólust aðallega í að skemma vefsíðurnar og gagnastuldi úr gagnagrunnum þessara stofnana. Lögreglan metur tjónið sem drengurinn olli á um \$60.000 (um 7.270.000 íslenskra króna).

Meira ▶

Forritunarkóða Adobe Photoshop lekið á netið

Eins og áður hefur verið greint frá var brotist inn í tölvukerfi Adobe fyrir stuttu og forritunarkóða (source code) stolið. Nú hefur kóðinn fyrir Adobe Photoshop birst á netinu.

Eins og Vírin hefur greint frá áður var brotist inn hjá Adobe fyrir stuttu og notendagrunni ásamt forritunarkóða stolið. Nú hefur forritunarkóðinn fyrir Adobe Photoshop litið dagsins ljós á netinu. Þetta getur skapað þá hættu að nú hafa tölvubrjótar aðgang að kóðanum og geta lesið beint uppúr honum hvar villurnar liggja sem þeir geta nýtt sér til að búa til vírusa fyrir Adobe Photoshop. Einnig hefur notendalistanum, þar sem voru um 150.000.000 notendur, ásamt lykilorðum verið lekið á.

Stóra spurningin er núna, hversu mikið af öðrum kóða var stolið frá Adobe?

Meira ▶

Endilega hafið samband við undirritaða (tengiliðir hér til hliðar) ef þið hafið spurningar eða frekari áhuga á efninu.

Viðtakendur eru hvattir til að áframsenda Vírin á áhugasama

Kveðja,

Áhættuþjónusta Deloitte / Ritnefnd
Virinn@deloitte.is

Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

 [Deloitte RSS feeds](#)

[Afskráning](#)